

**Sp. 176. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]**

um rannsókn á skilyrðum til samgöngubóta á eyðisöndum Skaftafellssýslu.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Eysteinn Jónsson, Halldór Ásgrímsson,  
Jónas Pétursson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta rannsaka til hlítar brúarstæði á Jökulsá á Breiðamerkursandi og gera kostnaðaráætlun um brú þar.
2. Að láta athuga — með sérstöku tilliti til samgangna á Skeiðarársandi — nýjar tegundir samgöngutækja til samgangna um torfærur á landi með hliðsjón af reynslu af slíkum tækjum erlendis. Síðan skal gera tilraunir með ný samgöngutæki á Skeiðarársandi, ef ætla má að athugun lokinni, að þau muni reynast hæf til samgöngubóta þar.
3. Að láta fylgjast sem bezt með tæknilegum nýjungum við brúargerðir, er kynnu að gera kleift að brúa jökulvötnin á Skeiðarársandi.

**Greinargerð.**

Góðar samgöngur eru lífæð hverrar byggðar. Atvinnulífið og aðstaða manna í lífsbaráttunni er háð samgöngum á hverjum stað. Árlega er varið verulegum fjárhæðum af hálfu ríkisins til að bæta samgöngur á landi, sjó og í lofti. Kostað er kapps um að gera þjóðvegina sem bezt úr garði og spenna vegakerfið um landið, enda er nú orðið akfært umhverfis landið, nema yfir Breiðamerkursand og Skeiðarársand. Á Breiðamerkursandi eru skilyrði til þess að ryðja hindruninni úr vegi með brúargerðum. Fyrirhugað er, að Fjallsá verði brúuð á næsta ári. Þá verður Jökulsá eini farartálminn, sem hindrar algerlega ferðir bifreiða yfir Breiðamerkursand. Nokkrar athuganir hafa þegar verið gerðar á brúarstæði þar. Timabært er að rannsaka til hlítar brúarstæði á Jökulsá og gera kostnaðaráætlun um brú þar.

Verklegar framkvæmdir nægðu ekki til framfara á sviði samgöngumála, ef gerð samgöngutækja stæði í stað. Það hefur valdið miklu um framfarir í samgöngumálum, að ný samgöngutæki og fullkomnari en hin eldri ryðja sér til rúms. Er það nauðsynlegur þáttur til að ná góðum árangri við lausn erfiðra viðfangsefna í samgöngumálum að athuga sem bezt nýjungar í gerð tækja og hagnýta þá reynslu, er þannig fæst.

Skeiðarársandur er þröskuldur, sem erfitt er yfir að stiga, á þjóðveginum umhverfis landið. Ef litið er á þá tækni, sem Íslendingar hafa nú yfir að ráða, virðist svo, að varla séu skilyrði til að brúa jökulvötnin þar, einkum vegna hamfara jökulhlaupanna, sem brjótast fram Skeiðarársand að öllum jafnaði á 5—10 ára fresti. Því fremur ber nauðsyn til, að haft sé vakandi auga á því, hvort ný tæki ryðja sér til rúms erlendis, er ætla má að séu hæf til öruggra ferða yfir óbrúuð jökulvötn og eyðisanda. Og sé svo, þarf að gera tilraunir með slík tæki hér á landi.

Þróun á sviði tækni og verklegra framkvæmda er mjög ör. Nú eru unnin verk á sviði samgöngumála, sem ókleift hefði verið fyrir einum til tveimur áratugum að leysa af hendi. Vafalaust heldur þessi þróun áfram og verður hraðfara. Í því sambandi geta skapazt nýir möguleikar til að gera brýr yfir jökulvötnin á Skeiðarársandi. Þess vegna er hér lagt til, að Alþingi skori á ríkisstjórnina að láta fylgjast sem bezt með tæknilegum nýjungum við brúargerðir.